

Þjóðlagatónlist

- ÞJÓÐ1ÍS02 -

Vorönn 2019

Stund og staður: Föstudagar kl. 15:00-16:00 í Lundi á 2. hæð í Hofi

Kennari: Dr. Guðrún Ingimundardóttir

Forkröfur: Grunnpróf í tónfræði og hljóðfæraleik/söng.

Hæfniprep: 1

Einingafjöldi: 2

Áfangalýsing:

Í áfanganum kynnast nemendur grundvallareinkennum þjóðlagatónlistar, s.s. munnlegri geymd, nótnarritun, flutningsmáta og hlutverki í samfélagi manna. Áfanginn leggur áherslu á að nemendur læri að syngja og/eða spila Íslenska þjóðlagatónlist og taki meðvitaðar ákvarðanir um túlkun tónlistarinnar grundvallaðar á þekkingu. Einnig verður bragarháttum rímna gerð skil og nemendur fá tækifæri til að spreyta sig á vísnagerð.

Námsmarkmið:

Þekking: Nemandi skal hafa öðlast almenna þekkingu og skilning á

- eðli og einkennum þjóðlagatónlistar almennt
- mismunandi tegundum af íslenskri þjóðlagatónlist

Leikni: Nemandi skal hafa öðlast leikni í að

- greina og fjalla um einkenni þjóðlagatónlistar almennt
- greina og fjalla um tegundir íslenskrar þjóðlagatónlistar
- greina og fjalla um notagildi og fagurfræðilegtgildi þjóðlagatónlistar í fortíð og nútíð

Hæfni: Nemandi skal geta hagnýtt sér þá almennu þekkingu og leikni til að

- syngja og/eða spila íslenska þjóðlagatónlist, einn og/eða með öðrum, meðvitaður um hefðbundin einkenni þjóðlagatónlistar og fagurfræðilegar ákvarðanir, s.s. varðandi flutningsmáta, raddbeytingu, túlkun, hraða, takt, skrauttóna, hljóm- og útsetningar.

Námsgögn:

Fræðigreinar, hljóðupptökur og nótur úr ýmsum áttum. Stuðst verður við efni á Silfurplötum og Segulböndum Iðunnar, bókina Íslensk þjóðlög sr. Bjarna Þorsteinssonar og ísmús gagnagrunninn.

Námsmat:

Vinna nemenda verður metin með þremur verkefnum sem nemendur vinna og skila á önninni, en ekki verður lokapróf í áfanganum. Nemandur þurfa að hafa 80% mætingu til að standast kúrsinn.

Námsáætlun

kennslutími	Viðfangsefni	Skilaverkefni	
1	18. janúar	Inngangur: Yfirlit áfangans. Hvað er þjóðlagatónlist og hvað einkennir hana?	
2	25. janúar	Kvæðalög/rímnalög/stemmur við rímur, styttri kvæði og lausavísur; ólíkur stíll kvæðamanna	Verkefni 1 skilgreint og afhent
3	1. febrúar	Kvæðamaður 1 og 2 – hlustað og hermt	
4	8. febrúar	Bragfræði rímna og tenging við stemmur	
5	15. febrúar	Kvæðamaður 3 og 4 – lesið og spilað	
6	22. febrúar	Kvæðalög: Tónleikar í tíma	Skil á verkefni 1
7	1. mars	Þjóðlög 1: Stemma eða þjóðlag – lagræn kvæðalög	Verkefni 2 skilgreint og afhent
	8. mars	Vetrarfrí	
8	15. mars	Tvísöngvar 1	
9	22. mars	Þjóðlög 2: Sagnakvæði og þulur	
10	29. mars	Tvísöngvar 2	
11	5. apríl	Þjóðlög og tvísöngvar: Tónleikar í tíma	Skil á verkefni 2
	12. apríl	Ekki kennsla. Námskeið á Landsmóti kvæðamanna kemur í stað tímans	
	19. apríl	Páskafrí	
12	26. apríl	Gestakennari, Sigrid Randers-Pehrson fjallar um norska kveðandi	
13	25.-27.apríl	Landsmót kvæðamanna 25.-28. Apríl: Kvöldtónleikar og námskeið í langspilsleik, bragfræði rímna, tvísöng og kveðandi. Nemendur velja sér tónleika eða námskeið í stað kennslustundarinnar 12. apríl.	
14	3. maí	Landsmót kvæðamanna: Tilgangur og árangur. Hljóðfæratónlist	Verkefni 3 skilgreint og afhent
15	10. maí	Hljóðfæratónlist: Íslensk hljóðfæri; norræn danstónlist	
16	17. maí	Hljóðfæratónlist: Íslensk hljóðfæri; norræn danstónlist	
17	24. maí	Horft til baka – sungið, spilað og skrafað: Tónleikar í tíma	Skil á verkefni 3

Réttur til breytinga á þessari áætlun er áskilinn.